



Stjórn SSH 346. fundur

Mánudaginn 1. febrúar 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, og Pálmi Másson.

Hanna Birna kristjánsdóttir boðaði forföll

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. sat fundinn undir 1. lið.

Þetta gerðist:

1. Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið

Framkvæmdastjóri og Reynir Kristinsson fóru yfir undirbúning að „þjóðfundi“ á höfuðborgarsvæðinu sem fyrirhugaður er 20. mars sem liður í vinnu við gerð sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar. Farið var yfir aðkomu SSH að undirbúningi fundarins, val þátttakenda, fyrirkomulag fundar og önnur atriði er varða umgjörð og framkvæmd.

Jafnframt var rætt um hugmynd að sérstökum fundi á vegum SSH með atvinnulífinu vegna átaks til eflingar atvinnu á höfuðborgarsvæðinu sbr. umræður á síðasta stjórnarfund.

- Samþykkt að stefna að slíkum fundi á hausti komandi.

2. Sveitarfélagið Álftanes.

Rætt var um stöðu við úrvinnslu á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Álftaness.

3. SSH – Ársuppgjör 2009

Fyrir lá bráðabirgðauppgjör vegna reksturs SSH 2009.

4. Önnur mál

a) Erindi Ísaksskóla vegna greiðslna fyrir „utansveitarnemendur“

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi gildandi reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga á kostnaðarþátttöku v. utansveitarnemanda á grunnskólastigi, sbr. bókun á síðasta stjórnarfund.

- Afgreiðslu á erindi Ísaksskóla frestað.



b) Undirbúningur að yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra.

LG vakti máls á fundi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélga 24. Febrúar nk. Þar sem m.a. verður fjallað um yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra og lagði til að kallað yrði á viðkomandi forstöðumenn aðildarsveitarfélaganna til sameiginlegrar yfirferðar um málið fyrir þann fund.

- Framkvæmdastjóra falið að boða fundinn.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05